Föstudaginn 1. október 1976.

Nr. 145/1974. **Elín Ólafsdóttir**
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)
gegn
Sigurði M. Helgasyni skiptaráðanda f. h. Þrotabús Magnúsar R. Magnússonar og gagnsök
(Magnús Thorlacius hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Gjaldþrot. Riftun kaupmála.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 5. september 1974, birtri 12. s. m., að fengnu áfrýjunarleyfi 27. ágúst 1974. Krefst hann aðallega sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann sýknu að svo stöddu og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 9. október 1974. Krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi, var kaupmáli sá, sem um ræðir í máli þessu, gerður fyrir giftingu Magnúsar R. Magnússonar og aðaláfrýjanda, Elínar Ólafsdóttur, samkvæmt heimild í 29. gr. laga nr. 20/1923, sbr. lög nr. 10/1962. Í kaupmála þessum er kveðið svo á, að eignarhluti Magnúsar í tveimur tilteknum jörðum svo og arður af þeim og enn fremur nánar tilgreind hlutabréf skyldu verða séreign hans. Ágreiningslaust er, að eignir þessar átti Magnús, áður en kaupmálinn var gerður. Þá var ákveðið í kaupmálanum, að íbúð að Sólheimum 27, sem einnig var eign hans, skyldi verða séreign aðaláfrýjanda. Loks geymdi kaupmálinn það ákvæði, að „innanstokksmunir og búsmunir allir, sem við eigum nú", skyldu vera séreign aðaláfrýjanda.

Magnús R. Magnússon var úrskurðaður gjaldþrota hinn 31. maí 1972. Er þess krafist af hálfu gagnáfrýjanda, að kaupmálanum verði rift samkvæmt 27. gr. laga nr. 25/1929.

Túlka ber ákvæði 27. gr. laga nr. 25/1929 svo, að þau veiti heimild til að rifta kaupmála, hvort sem hann er gerður fyrir eða eftir stofnun hjúskapar. Ber því að hrinda málsvörn aðaláfrýjanda, sem að þessu lýtur.

Gögn þau, sem við nýtur í máli þessu um efnahag Magnúsar R. Magnússonar á þeim tíma, er kaupmáli var gerður, eru hvorki glögg né tæmandi. Þykja þau eigi veita sönnun fyrir því, að hann hafi þá átt fyrir skuldum, sbr. lokaákvæði 1. mgr. 27. gr. laga nr. 25/1929. Ákvæði kaupmálans um eignir þær, sem Magnús R. Magnússon átti áður og urðu séreign hans með kaupmálanum, verður eigi rift að kröfu þrotabús hans samkvæmt heimild í 27. gr. laga nr. 25/1929, þ. e. ákvæðinu um jarðahlutana tvo og hlutabréf hans. Hins vegar ber að ógilda það ákvæði kaupmálans, sem mælir svo, að „íbúð að Sólheimum 27 (4ra herbergja á 9. hæð hússins, merkt 9 A), að fasteignamati kr. 82.680.00 og arður af þeirri eign" skuli vera séreign aðaláfrýjanda og utan hjúskapareignar. Um innanstokksmuni og búsmuni athugast, að gögn skortir um, frá hvoru hjóna munir þessir stafi. Er krafan um riftun kaupmálans, að því er tekur til þessa ákvæðis, vanreifuð, og ber að vísa henni frá héraðsdómi.

Samkvæmt þessum úrslitum er rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 80.000 krónur.

Dómsorð:

Framangreindri kröfu gagnáfrýjanda, Sigurðar M. Helgasonar skiptaráðanda f. h. þrotabús Magnúsar R. Magnússonar, er vísað frá héraðsdómi.

Ógilt er það ákvæði kaupmála 5. júlí 1967, að „íbúð að Sólheimum 27 (4ra herbergja á 9. hæð hússins, merkt 9 A), að fasteignamati kr. 82.680.00 og arður af þeirri

eign“ skuli vera séreign aðaláfrýjanda, Elínar Ólafsdóttur, og utan hjúskapareignar.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 80.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 7. maí 1974.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 22. f. m., hefur Sigurður M. Helgason, skiptaráðandi í Reykjavík, höfðað fyrir hönd þrotabús Magnúsar R. Magnússonar gegn Elínu Ólafsdóttur, Sólheimum 27 hér í borg, með stefnu, birtri hinn 12. desember 1972, „til riftunar kaupmála þeirra hjóna og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu“.

Af hálfu stefndu eru þær dómkröfur gerðar, að hún verði sýknuð af kröfum stefnanda og stefnanda verði gert að greiða henni málskostnað að skaðlausu.

Málavextir eru þessir:

Hinn 5. júlí 1967 undirrituðu Magnús R. Magnússon og stefnda, sem ákveðið höfðu að ganga til hjúskapar, kaupmála með svohljóðandi ákvæðum:

„1) Íbúð að Sólheimum 27 (4ra herbergja á 9. hæð hússins, merkt 9 A), að fasteignamati kr. 82.680.00 og arður af þeirri eign skal vera séreign Elínar og utan hjúskapareignar.

2) Innanstokksmunir og búsmunir allir, sem við eigum nú, skulu vera séreign Elínar.

3) Eftirtaldar jarðir, sem Magnús nú á að hálfu, skulu vera séreign hans og utan hjúskapareignar: Borgarholt og Laxárbakki í Miklaholtshreppi, Hnappadalssýslu, einnig arður af þeim eignum.

4) Hlutabréf í Sænsk-íslenzka frystihúsinu h/f að nafnverði kr. 93.000.00 ásamt tilsvarandi hlutdeild í eignum þess fyrirtækis skulu vera séreign Magnúsar“.

Á kaupmálann rituðu foreldrar stefndu, Ólafur Guðmundsson og Björg Magnúsdóttir, samþykki sitt, en stefnda er fædd 11. september 1946. Kaupmálinn var tilkynntur til skrásetningar í kaupmálabók Reykjavíkur 7. júlí 1967 og skrásettur sama dag. Hinn 21. júlí 1967 gengu Magnús og stefnda síðan í hjónaband.

Með úrskurði, uppkveðnum hinn 31. maí 1972, var Magnús R. Magnússon úrskurðaður gjaldþrota.

Á fundi í þrotabúinu, sem haldinn var í skiptarétti Reykjavíkur hinn 4. desember 1972, fór Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður, sem þar var mættur fyrir tvo kröfuhafa, „fram á heimild skiptaráðanda til þess að fara í riftunarmál út af kaupmála þrotamanns og eiginkonu hans. Samþykkti skiptaráðandi þennan málarekstur í nafni búsins með þeim skilmálum, að beiðandi, Magnús Thorlacius hrl., reki málið, búinu að kostnaðarlausu, komi eitthvað út úr málinu, renni það til búsins".

Samkvæmt yfirlýsingu Braga Jónssonar, formanns Húsfélags Sólheima 27, og Jóns Hallssonar f. h. Byggingasamvinnufélagsins Framtaks hafa skráðir eigendur íbúðarinnar 9 A, er tilheyrir 1. byggingarflokki Byggingasamvinnufélagsins Framtaks, verið þessir: „Valdimar Runólfur Halldórsson til 1. september 1965 og Magnús R. Magnússon frá 1. september 1965 til 5. júlí 1967 og Elín Jóna Ólafsdóttir frá 5. júlí 1967, og er hún núverandi eigandi".

Samkvæmt veðbókarvottorði kemur fram, að „íbúð merkt A á 9. hæð í Sólheimum 27 með tilheyrandi þingl. lóðarréttindum er eign Byggingasamvinnufélagsins Framtaks samkvæmt heimildarbréfi dags. 10/6 1958 (yfirlýsing)".

Krafa stefnanda er byggð á því, að á þeim tíma, er umræddur kaupmáli var gerður, hafi Magnús R. Magnússon, auk fjölda annarra skulda, skuldað Robert Buffard £ 21.000.00 og $ 5.619.00 og hafi fjöldi veðskulda hvílt á fasteignum Magnúsar. Þá er bent á, að engin skrá hafi verið gerð um innbúið og ekki hafi eignir þær, sem stefnda hlaut sem séreign, áður verið í hennar eigu. Er því haldið fram, að á þeim tíma, er kaupmálinn var gerður, hafi Magnús R. Magnússon ekki átt fyrir skuldum og því beri að rifta kaupmálanum skv. 1. mgr. 27. gr. laga nr. 25/1929, enda hljóti kaupmálinn, þar sem ráðstafað var til stefndu m. a. eignum, sem Magnús átti, að falla undir gerning „á milli hjóna" beint eða samkvæmt lögjöfnun.

Sýknukrafa stefndu er í greinargerð byggð á því, að umræddur kaupmáli sé ekki gerningur milli hjóna, sem 1. mgr. 27. gr. laga nr. 25/1929 taki til, heldur sé hér um að ræða kaupmála, sem gerður hafi verið fyrir giftingu, þar sem íbúð, sem stefnda átti, hafi orðið séreign hennar. Því skipti ekki máli, þótt væntanlegur maki stefndu ætti þá ekki fyrir skuldum, en því er mótmælt, að Magnús hafi þá ekki átt fyrir skuldum. Við munnlegan flutning

málsins var því lýst yfir af hálfu stefndu, að hún hafi ekki orðið eigandi umræddrar íbúðar fyrr en með kaupmálanum frá 5. júlí 1967, en því jafnframt haldið fram, að það skipti ekki máli, því með gagnályktun frá 3. mgr. 27. gr. laga nr. 25/1929 falli kaupmálinn, sem gerður hafi verið fyrir hjúskap, ekki undir riftunarheimild 1. mgr. 27. gr. laganna.

Umræddur kaupmáli var gerður áður en stefnda og Magnús R. Magnússon gengu í hjónaband, svo sem heimilt var samkvæmt 29. gr. laga nr. 20/1923. Er eigi ágreiningur um það, að kaupmálinn hafi verið gildur samkvæmt ákvæðum V. og IX. kafla laga nr. 20/1923. Með kaupmálanum var m. a. umrædd íbúð í húsinu nr. 27 við Sólheima gerð að séreign stefndu, en eigi er nú ágreiningur um það, að íbúðin hafi verið eign Magnúsar. Með hliðsjón af ákvæðum 29. gr. laga nr. 20/1923 og 2. mgr. 27. gr. laga nr. 25/1929 verður að telja, að ákvæði 1. mgr. 27. gr. laga nr. 25/1929 taki bæði til kaupmála, sem gerðir eru fyrir og eftir stofnun hjúskapar, og þykir ákvæði 3. mgr. 27. gr. ekki standa í vegi fyrir þessari skýringu. Þrátt fyrir kröfugerð í stefnu er ágreiningslaust, að kröfugerðin beinist að greindum kaupmála stefndu og Magnúsar R. Magnússonar frá 5. júlí 1967. Þykir því mega leggja dóm á málið á þeim grundvelli. Eigi hefur verið gerð tilraun til að færa sönnur að því, að Magnús R. Magnússon hafi átt fyrir skuldum, er kaupmálinn var gerður. Eigi er riftunarheimild 1. mgr. 27. gr. laga nr. 25/1929 bundin tímamörkum. Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, verður krafa stefnanda tekin til greina, og skal kaupmáli sá, sem stefnda og Magnús R. Magnússon gerðu hinn 5. júlí 1967, metinn ógildur. Eftir þessum úrslitum verður stefnda dæmd til að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 50.000.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Kaupmáli sá, sem stefnda, Elín Ólafsdóttir, og Magnús R. Magnússon gerðu með sér hinn 5. júlí 1967, skal vera ógildur. Stefnda greiði stefnanda, Sigurði Helgasyni, skiptaráðanda í Reykjavík, f. h. þrotabús Magnúsar R. Magnússonar, kr. 50.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.